

Skólaráð

Skólaráð 29.01.2013 kl. 8:10

29. fundur

Mætt voru: Hrönn Bergþórsdóttir skólastjóri, Sif Stefánsdóttir aðstoðarskólastjóri, Ragnheiður Ásmundsdóttir fulltrúi kennara, Hildur Guðmundsdóttir fulltrúi kennara, Ásta Eyjólfsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna, Vilborg Harðardóttir fulltrúi nemenda, Sverrir Kristinsson fulltrúi nemenda, Mjöll Flosadóttir fulltrúi foreldra og Pálmar Sigurðsson fulltrúi foreldra.

Sigurbjörg Daníelsdóttir boðaði forföll.

Skólapúlsinn

Hrönn sagði frá nýjustu nemendakönnunum Skólapúlsins sem gerð var í 6. – 10. bekk. Könnunin var lögð fyrir í september og nóvember. Hún kom mjög vel út og má nefna að ánægja með stærðfræðikennslu skólans var langt yfir landsmeðaltali. Lestur var í og yfir landsmeðaltali. Skýrsluna má sjá á heimasíðu skólans.

Símenntunaráætlun skólans

Farið var yfir símenntunaráætlun skólans.

Eftirfylgni með úttekt á starfi Setbergsskóla

Hrönn fór yfir svör við athugasemdum sem komu fram í úttektarskýrslu frá mennta- og menningarmálaráðuneyti um úrbætur sem þyrfti að huga að innan skólans. Meðal annars var bent á að ná þyrfti jafnvægi í skólastarfi eftir niðurskurð undangenginna ára. Við lögðum áherslu á að bæta þyrfti starfsandann og margt hefur verið gert í þeim efnum frá því skýrslan kom út. Nú þegar er hafin vinna við innleiðingu nýrrar aðalnámskrár grunnskóla. Skólanámskráin var yfirfarin á haustdögum og sett var á laggirnar teymi um að halda utan um hana. Sjálfsmatsáætlun skólans var endurskoðuð og einfölduð.

Heimasíðan

Alltaf má gott bæta og á það við um heimsíðuna sem sífellt þarf að halda lifandi. Þess var getið að starfsfólk skólans er mun duglegra en áður við að setja inn myndir og fréttir af viðburðum innan skólans. Bylgja Björnsdóttir var fengin til að ritstýra heimsíðunni. Ný heimasíða verður reyndar sett á laggirnar von bráðar þar sem sama umhverfi mun verða á öllum heimsíðum í grunnskólum Hafnarfjarðar.

Skólaþing

Hrönn lagði fram tillögu um að næsta skólaþingi yrði haldið við lok á þemadaga sem verða í Setbergsskóla dagana 6. – 8. mars. Hugmyndin er að föstudaginn 8. mars verði opið hús og að þingið verði haldið að morgni þess dags kl. 8.10. Tillagan var samþykkt og að fulltrúi frá mennta- og menningarmálaráðuneyti yrði fenginn til að kynna nýja aðalnámskrá grunnskóla.

Skólaráð

Önnur mál.

1. Línur fara að skýrast á næstu dögum varðandi viðmiðunarstundaskrá og sjá má að enn er hugað að sparnaði og hagræðingu innan bæjarins.
2. Fyrstu drög af skóladagatali fyrir næsta skólaár eru komin í hús.
3. Fyrirspurn um hvort Maritafraeðslan komi í skólann. Stefnt verður að því. Kom fram að grasreykingar hafi aukist og færst neðar í aldri.
4. Næsti fundur verður haldinn 5. mars 2013.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9.20

Sif Stefánsdóttir, fundarritari.